

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

300 Akranes - Sími 93-12544

Akranesi 23. janúar 1995

Alþingi

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Erindi nr. þ 118 / 952

Komudagur 25/12 1995

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hefur kynnt sér frumvarp til laga um framhaldsskóla og ákvað á fundi sínum 18. þ.m. að koma eftirfarandi á framfæri:

1. Ákvæði frumvarpsins um verksvið skólanefndar eru betur skilgreind en í núverandi lögum og er það til bóta. Með því móti ætti starf skólanefnda að verða markvissara og minni hætta á óvissu um hlutverk. Skólanefndin vill þó benda á að orðalagið "að höfðu samráði við" í 11. grein er ekki nógu ljóst. Þetta orðalag er tvírætt og getur valdið mismunandi túlkun. Þarna er um ráðningar starfsmanna að ræða og því mikilvægt fyrir þá sem ráða starfsmenn að ganga að ótvíræðum ákvæðum þar um. Skólanefndin telur ekki skýrt hvaða hlutverk orðalagið ætli nefndinni, þarf hún að samþykkja ákvarðanir skólameistara eða er einungis verið að gefa henni kost á að tjá sig um þær?
2. Skólanefndin telur jákvætt að í frumvarpinu er að finna ákvæði um að gert skuli reiknilíkan til að finna kennslukostnað framhaldsskóla. Með því móti á að vera unnt að tryggja að skólar sitji við sama borð þegar fjármagni er úthlutað að teknu tilliti til stærðar og annarra aðstæðna.
3. Skólanefnd er sammála áherslum í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu á valddreifingu og sjálfstæði skóla. Hún telur hins vegar að ákvæði í frumvarpinu um skipan skólanefndar gangi ekki í þá átt. Heimamenn eiga samkvæmt því að velja minnihluta nefndarmanna en menntamálaráðherra meirihluta. Nefndin telur að sveitarfélög sem standa að framhaldsskólum eigi að velja meirihluta fulltrúa í skólanefnd. Þá telur nefndin einnig að starfsmenn eigi að eiga fullgilda fulltrúa í skólanefndum. Þrátt fyrir fögur orð um aukið sjálfstæði skóla ganga nokkur atriði frumvarpsins þvert á þau og má þar t.d. nefna 18.-20. greinar frumvarpsins.
4. Skólanefndin vekur athygli á að á undanförunum árum hafa orðið til framhaldsskólar á Íslandi sem nefna má svæðisskóla. Fjölbrautaskóli Vesturlands er dæmi um slíkan skóla. Hann þjónar ákveðnum landshluta og er með starfsemi á nokkrum stöðum sem samræmd er af móðurskólanum á Akranesi. Hann á að standa fyrir fjölþættum menntunarmöguleikum á Vesturlandi. Sveitarfélög á Vesturlandi skipa í fulltrúaráð sem vinnur með skólanefndinni að ýmsum málum skólahaldsins. Í fulltrúaráðinu eiga sæti fulltrúar sveitarfélaga og svæða sem aðild eiga að Fjölbrautaskóla Vesturlands. Skólanefndin telur eðlilegt að lög taki tillit til sérstöðu svæðisskóla og fjalli sérstaklega um verkefni þeirra og stjórnun.

F.h. skólanefndar Fjölbrautaskóla Vesturlands,


skólameistari